

Hlutverk og skyldur þjónustuaðila

Björn Þór Rögnvaldsson, hdl., LL.M



Hvað er viðurkenndur sérfræðingur?

» Skilgreining:

„Einstaklingur sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt á grundvelli reglugerðar þessarar að hafi fullnægjandi þekkingu á tilteknu sérsviði þannig að hann getur starfað hjá þjónustuaðila eða gert samninga við þjónustuaðila um að hann verði undirverktaki við veitingu þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.“



Hvað er viðurkenndur þjónustuaðili?

» Skilgreining:

„Fyrirtæki sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt á grundvelli reglugerðar þessarar til að veita atvinnurekendum þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.“



Hvað er viðurkenndur þjónustuaðili/sérfræðingur?

- » Þjónustuaðili/sérfræðingur er viðurkenndur af Vinnueftirlitinu (hér eftir VER) skv. 66. gr. a. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (hér eftir vinnuverndarlögin), sbr. 4-5. gr. reglugerðar nr. 730/2012 um viðurkenningu þjónustuaðila og sérfræðinga sem veita atvinnurekendum þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum (hér eftir reglugerð um viðurkenningu þjónustuaðila)



Hvað er viðurkenndur þjónustuaðili/sérfræðingur?

- » 66. gr. a vinnunverndarlaganna og reglugerð um viðurkenningu þjónustuaðila eru byggð á 7. gr. Rammatilskipunarinnar (89/391/EBE) eins og hún var túlkuð í máli Evrópudómstólsins (C-49/00), *framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu*, en helstu niðurstöður þessa dóms voru að:
- 1) Aðildarríkin verða að skylda atvinnurekendur til að leita sér utanaðkomandi aðstoðar ef þeir hafa hana ekki innan fyrirtækisins
 - 2) Aðildarríkin verða að skilgreina hvaða hæfni utanaðkomandi þjónustuaðili skuli hafa



Hvað er viðurkenndur þjónustuaðili/sérfræðingur?

- » Þjónustuaðili fær eingöngu viðurkenningu VER ef hann er:
 - Fyrirtæki
 - Hefur yfir að ráða sérfræðingum (starfsmönnum) eða hefur gert samstarfssamning (verksamning) við viðurkennda þjónustuaðila eða sérfræðinga
- » Þjónustuaðili getur fengið takmarkaða eða heildstæða viðurkenningu frá VER



Hvað er viðurkenndur þjónustuaðili/sérfræðingur?

- » Viðurkenndur þjónustuaðili er fyrirtæki, en innan þess getur verið eingöngu einn viðurkenndur sérfræðingur, þ.e. hægt er að starfa sjálfstætt
- » Sérfræðingur fær eingöngu viðurkenningu VER ef hann er:
 - einstaklingur
 - fullnægir menntakröfum á viðkomandi sviði (háskóla-, iðn-, eða tæknimenntun eða sambærilegt)
 - gengist undir sérstakt námskeið sem VER viðurkennir á hverjum tíma



Samstarfssamningur

- » Viðurkenndum þjónustuaðila er heimilt að gera samstarfssamning (verksamning) við aðra viðurkennda þjónustuaðila eða sérfræðinga, t.d. til að tryggja heildstæða viðurkenningu frá VER (samstarfsnet)



“Einkaréttur” til gerðar áhættumats

- » 1. ml. 1. mgr. 66. gr. a. laga nr. 46/1980 kveður á um **einkarétt** þjónustuaðila til að gera áhættumat undir ákveðnum kringumstæðum:

“Þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. “



Lágmarkskröfur til gerðar ‘áhættumats’

- » 1. mgr. 8. gr. reglugerðar um þjónustuaðila er svohljóðandi:
“Viðurkenndur þjónustuaðili skv. 4. gr. sem gerir samning við atvinnurekanda um gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað ber ábyrgð á að áætlunin uppfylli skilyrði 65. – 66. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, ásamt reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra laga.”



Trúnaðarskylda

- » 2. mgr. 8. gr. reglugerðar um þjónustuaðila er svohljóðandi:
“Viðurkenndir þjónustuaðilar skv. 4. gr. sem og viðurkenndir sérfræðingar skv. 5. gr. skulu gæta trúnaðar í starfi og fara með allar upplýsingar sem þeir komast að er varða persónuleg málefni og einkahagi starfsmanna þeirra fyrirtækja er þeir starfa fyrir ásamt upplýsingum er tengjast fyrr-nefndum fyrirtækjum sem trúnaðarmál.”



Tilkynningaskylda

- » 1. ml. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar um þjónustuaðila er svohljóðandi:
“Viðurkenndir þjónustuaðilar skv. 4. gr. skulu tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins án ástæðulauss dráttar um allar þær breytingar sem kunna að verða á starfsmannahaldi hjá fyrirtækinu eða samstarfs-samningum við viðurkennda sérfræðinga eða aðra viðurkennda þjónustuaðila sem kunna að hafa áhrif á viðurkenningu þeirra sem þjónustuaðila.”



Tilkynningaskylda frh.

- » 2. ml. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar um þjónustuaðila er svohljóðandi:


“Enn fremur skulu viðurkenndir sérfræðingar skv. 5. gr. tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins án ástæðulauss dráttar um allar þær breytingar sem kunna að hafa áhrif á fyrri viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins.”



Afturköllun viðurkenningar

- » 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um þjónustuaðila er svohljóðandi:

“Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að afturkalla viðurkenningu þjónustuaðila eða viðurkenningu sérfræðings í heild eða að hluta sé skilyrðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, sem og skilyrðum reglugerðar þessarar ekki lengur fullnægt að mati stofnunarinnar. Hið sama á við uppfylli viðurkenndur þjónustuaðili eða viðurkenndur sérfræðingur ekki skyldur sínar skv. 8. eða 9. gr.”



Hlutverk og skyldur atvinnurekanda

- » 10. gr. reglugerðar um þjónustuaðila er svohljóðandi:
“Atvinnurekandi ber ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað enda þótt hann njóti þjónustu viðurkennds þjónustuaðila við gerð hennar. Jafnframt ber atvinnurekandi ábyrgð á að áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sé fylgt eftir á vinnustaðnum.”

Njóti atvinnurekandi þjónustu viðurkennds þjónustuaðila við gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað skal hann upplýsa viðkomandi þjónustuaðila um þá þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna á vinnustaðnum.”

Fyrirmæli VER um þjónustuaðila

- » VER hefur veitt atvinnurekendum fyrirmæli um að fá sér aðstoð viðurkenndra þjónustuaðila, varðandi:
 - 1) Vélar og tæki (t.d. fiskvinnslur)
 - 2) Byggingarvinnu
 - 3) Verslunarstarfsemi (stór keðjufyrirtæki)



Ítarefni

- » Hægt að nálgast lög og reglugerðir á heimasíðu Vinnueftirlitsins og Alþingis:
<http://www.vinnueftirlit.is>
<http://www.althingi.is/>

